

Nd.

476. Nefndarálit

[24. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1987.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Tillögur ríkisstjórnarflokkanna um fjárlög og lánsfjárlög gera ráð fyrir að ríkissjóður verði rekinn með nær 3 milljarða kr. halla og þjóðarbúið í heild taki ný erlend löng lán upp á 8,2 milljarða kr., sem þýðir að ný lán fara nær 2 milljarða kr. fram úr afborgunum af eldri lánunum. Þetta er geigvænleg þróun í einhverju mesta góðæri sem yfir landið hefur gengið.

Í upphaflegu frumvarpi til lánsfjárlaga var gert ráð fyrir að nettólántökur erlendis yrðu samtals um 1,5 milljarðar kr. Við gerð síðustu kjarasamninga settu aðilar vinnumarkaðarins

fram þá ósk við ríkisstjórnina að þessum halla á þjóðarbúskapnum yrði nánast eytt og þannig ekki aukið á erlendar skuldir þjóðarbúsins á næsta ári en bent á innlendan lánsfjármarkað (lífeyrissjóði) til þess að mæta þessari lánaþörf að mestu leyti. Ríkisstjórnin tók þessu vel. Efnidirnar eru hins vegar þær að ætla lífeyrissjóðunum um tvöfalt þyngri viðbótarbyrðar við fjármögnun hallarekstrar ríkissjóðs og sjóðakerfis heldur en aðilar vinnumarkaðarins höfðu ætlast til og bæta þar ofan á erlendar lántökur þjóðarbúsins. Með þessum áformum er niðurstöðum kjarasamninga og markmiðum um lága verðbólgu á næsta ári stefnt í mikla hættu.

Alþýðuflokkurinn telur mikilvægt að treysta undirstöður kjarasamninganna og fyrirætl-anir um hjaðnandi verðbólgu. Hann er sammála aðilum vinnumarkaðarins um að hlaða ekki frekar á þjóðina erlendum skuldum og hamla verði gegn þenslu með því að reka þjóðarbúið hallalaust. Þess vegna flytur Alþýðuflokkurinn breytingartillögur við frumvarp til fjárlaga sem miða að því að draga úr rekstrarhalla ríkissjóðs um u.þ.b. 2 milljarða kr. Jafnframt flytur undirritaður tillögur fyrir hönd Alþýðuflokksins um breytingar á frumvarpi til lánsfjárlaga sem tryggja jöfnuð í rekstri þjóðarbúsins.

Tillögurnar fela í sér eftirfarandi:

1. Erlend lántaka ríkissjóðs er lækkuð um 900 millj. kr., þ.e. úr 1700 millj. kr. í 800 millj. kr.
 2. Lífeyrissjóðunum er ekki gert að fjármagna neinn halla hjá ríkissjóði en í tillögum meiri hl. er þeim ætlað að leggja 1300 millj. kr. til þess.
 3. Lántökur ríkissjóðs innanlands lækka í 3150 millj. kr. eða um 1300 millj. kr.
 4. Erlendar lántökur lánastofnana og sjóða eru einungis 650 millj. kr. en ekki nær 1600 millj. kr. eins og ríkisstjórnin áformar.
 5. Áform lánastofnana og sjóðakerfis í heildarlántökum eru lækkuð um nálægt 400 millj. kr. en að öðru leyti er svigrúm það, sem fæst á innlendum lánamarkaði þegar ríkissjóður hirðir það ekki í halla sinn, nýtt til þess að mæta þörfum sjóðanna.
 6. Verðbréfa kaup lífeyrissjóða eru 800 millj. kr. lægri en skv. tillögum stjórnarliðsins.
- Í samræmi við þetta þarf engin erlend lán til Bygðastofnunar, Iðnþróunarsjóðs og Iðnlánasjóðs og falla því brott 6., 8. og 9. gr. í frv. til lánsfjárlaga.

Heildarniðurstaðan er þá sú í erlendum lántökum að

- a. opinberir aðilar taka 1325 millj. kr. **minna** í erlend lán en nemur afborgunum af eldri lánum,
- b. erlendar lántökur þjóðarbúsins í heild eins og þær birtast í lánsfjárlögum og lánsfjáráætl-un verða **6400 millj. kr.**, en afborganir eru **6300 millj. kr.** þannig að nánast er um **jöfnuð** að ræða þar eð nettólántaka er einungis 100 millj. króna.

Breytingartillögur í samræmi við það sem að ofan er rakið birtast á sérstöku þingskjali.

Nánara yfirlit yfir lántökur samkvæmt tillögum þessum eru í fylgiskjali.

Ýmsir kunna að halda því fram að hér sé hart fram gengið. Sannleikurinn er hins vegar sá að tillögur stjórnarliða eru aðhaldslausar og bera bragð af kosningaplaggi þar sem menn treysta sér ekki til þess að neita því sem neita þarf, en láta þjóðarhag lönd og leið, skrifa víxil á framtíðina og láta sig undirstöðu kjarasamninga og verðbólguframvindu á næsta ári litlu varða.

Alþýðuflokkurinn telur þetta bæði rangt og hættulegt. Tillögur hans miða að því að ná jafnvægi og treysta undirstöður kjarasamninga og hjaðnandi verðbólgu. Það er meginmarkmiðið.

Alþingi, 19. des. 1986.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr.

Fylgiskjal.

Heildaryfirlit um innlendar og erlendar lántökur 1987 skv. tillögum Alþýðuflokksins. (Í milljónum króna.)

	Sala spari- skirteina	Verðbréfa- kaup bankakerfis	Verðbréfa- kaup lífsjóða	Önnur innlend lántaka	Innlend lántaka alls	Erlend lán	Heildar- lántökur
I Opinberir aðilar	1 500	1 650	—	—	3 150	1 650	4 800
Ríkissjóður, A-hluti	1 500	1 650	—	—	3 150	800	3 950
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs ..	—	—	—	—	—	500	500
Sveitarfélög	—	—	—	—	—	350	350
II Húsbyggingasjóðir	—	—	3 765	50	3 815	—	3 815
Byggingarsjóður ríkisins	—	—	3 275	50	3 325	—	3 325
Byggingarsjóður verkamanna	—	—	490	—	490	—	490
III Lánastofnanir	—	420	1 240	320	1 980	650	2 630
Framkvæmdasjóður	—	420	—	—	420	—	420
Fiskveiðisjóður, greiðsluhalli	—	—	145	130	275	400	675
Fiskveiðisjóður, útlán	—	—	120	80	200	220	420
Stofnlánadeild landbúnaðarins	—	—	40	—	40	—	40
Iðnlánasjóður	—	—	340	110	450	—	450
Iðnþróunarsjóður	—	—	80	—	80	—	80
Bygðastofnun, alm. lánveitingar ..	—	—	—	—	—	—	—
Bygðastofnun, skipaðnaður	—	—	505	—	505	—	505
Bygðastofnun, fiskvinnslustöðvar ..	—	—	—	—	—	—	—
Útflutningslánaðsjoður	—	—	10	—	10	30	40
IV Atvinnufyrirtæki	—	—	—	—	—	4 100	4 100
Baldur hf., Stykkishólmi	—	—	—	—	—	35	35
Herjólfur hf., Vestmannaeyjum	—	—	—	—	—	25	25
Raðsmíðaskip (fjögur)	—	—	—	—	—	600	600
Togarinn Merkúr	—	—	—	—	—	160	160
Stálvík hf.	—	—	—	—	—	25	25
Annað	—	—	—	—	—	3 255	3 255
Heildarlántökur (I—IV)	1 500	2 070	5 005	370	8 945	6 400	15 345

Löng erlend lán og afborganir 1987.

	Opinberir aðilar	Lána- stofnanir	Atvinnu- vegir	Samtals
Lánsfjárfurvarp 1987:				
Ný lán	2 550	2 230	3 500	8 280
Afborganir	-2 930	-720	-3 100	-6 750
Tekin löng erlend lán, nettó	-380	1 510	400	1 530
Ný áætlun:				
Ný lán skv. horfum 1987	1 650	650	4 100	6 400
Afborganir, skv. nýrri áætlun Seðlabankans ..	-2 975	-455	-2 870	-6 300
Tekin löng erlend lán, nettó	-1 325	195	1 230	100